

Alþingi
Erindi nr. P 123/573
komudagur 10.12.198

Allsherjarnefnd Alþingis
Þórshamri
150 Reykjavík.

Reykjavík, 9. desember 1998.

Undirritaðir höfundar frumvarps til breytinga á skaðabótalögum hafa að ósk nefndarinnar yfirfarið bréf SÍT sem er dagsett. 7. desember 1998. Hér á eftir eru nokkrar atugasemdir okkar við bréfið.

1. punktur.

Eins og fram kemur í athugasemd við 1. gr. frumvarpsins teljum við breytinguna skapa skýrari viðmiðun um "stöðugleikatímamarkpunktinn" en er í gildandi lögum. Með þessu er ekki stefnt að efnisbreytingu frá gildandi lögum. Tillagan hefur fyrst og fremst þann tilgang að draga úr líkum á ágreiningi með því að gera viðmiðunina skýrari. Með breytingunni verður meira samræmi milli ákvæðisins og samsvarandi ákvæðis dönsku skaðabótalaganna.

2. punktur.

Tillagan er sett fram í því skyni að rýmka heimild til miskabóta skv. ákvæðinu við sérstakar aðstæður. Það liggur í hlutarins eðli að ágreiningur er líklegri um heimildarákvæði í lögum en væri um bundna reglu. Vart eru það gild rök til þess að hafna víðtækari rétti til miskabóta að deilur kunni að skapast um réttar niðurstöður. Af orðalaginu má ráða að um er að ræða undantekningarreglu sem skýra verður þröngt. Tekið skal fram að þessi tillaga er sjálfstæð, þ.e. hún tengist ekki öðrum atriðum frumvarpsins. Telji nefndin ástæðu til þess að fella tillöguna út úr frumvarpinu er það unnt án þess að gera aðrar breytingar á frumvarpinu.

3. punktur.

Við teljum rétt að fallast á tillögu SÍT um að greiðslur frá sjúkrasjóði og 60% greiðslna frá lífeyrissjóði komi til frádráttar tímabundnu atvinnutjóni. Í samræmi við það leggjum við til að 2. mgr. 2. gr. laganna orðist svo:

Frá skaðabótum skal draga laun í veikinda- eða slysaforföllum, 60% af greiðslu frá lífeyrissjóði, greiðslur frá sjúkrasjóði, dagpeninga og aðrar bætur frá opinberum tryggingum.....

Eins og fram kemur í dómi Hæstaréttar frá 7. maí 1998 á bls. 522 dragast greiðslur frá lífeyris- og sjúkrasjóðum ekki frá tímabundnu atvinnutjóni samkvæmt gildandi rétti. Tillagan felur því í sér efnisbreytingu að þessu leyti.

4. punktur.

Við erum ekki sammála því að óljóst sé af frumvarpinu hvernig tekið skuli tillit til bótagreiðslna frá almannatryggingum, sbr. athugasemdir með 4. gr. á bls. 7. Þar er tekið

fram að við frádráttinn skuli þess gætt að greiðslur séu sambærilegar með því að taka tillit til skattskyldu og greiðsluforms, áður en dregið er frá skattfrjálsum og afvöxtuðum bótum fyrir varanlega örorku.

5. punktur.

Erfitt er að átta sig á innihaldi þessarar athugasemdar. Sé verið að vísa til þess sem fram kemur á miðri síðu 7 í bréfinu, þar sem lagt er til að orðunum “...eða annarri slysatryggingu sem vinnuveitandi greiðir fyrir” verði bætt inn í lagatexta 5. gr. þá skal það tekið fram að í frumvarpinu er ekki gerð tillaga um breytingu að þessu leyti frá gildandi lögum. Ekki er augljóst tilefni til þessarar tillögugerðar.

6. punktur.

Mat okkar í þessu efni kemur fram í tillögum okkar.

7. punktur.

Ábending SÍT er rétt. Frumvarpsgreinin er um breytingu á 6. gr. laganna í heild.

8. punktur.

Tímamark við útreikning bóta fyrir varanlega örorku er “stöðugleikapunkturinn”, þ.e. það tímamark þegar tímabundinni örorku lýkur og tímabil varnlegrar örorku hefst. Að mati frumvarpshöfunda vísar orðalag í 5. og 6. gr. frumvarpsins til þessa tímamarks. Til þess að gera þetta enn skýrara leggjum við til að í stað orðanna “þegar honum er metin varanleg örorka” sem notuð eru í 1. mgr. 5. gr. frumvarpsins komi orðalagið “...sem upphaf varnlegrar örorku miðast við”. Samsvarandi orðalagsbreyting verði gerð á 2. mgr. 5. gr. og 1. mgr. 6. gr. frumvarpsins. Með þessum breytingum ætti að vera unnt að útiloka allan misskilning í þessu efni.

9. –11. punktur.

Um forsendur reiknistuðulsins er fjallað ítarlega í frumvarpinu og fylgigögnum þess. Við þá umfjöllun er í sjálfu sér engu að bæta af okkar hálfu. Stuðullinn er reiknaður út af Sigurði Frey Jónatanssyni, tryggingastærðfræðingi. Okkur barst athugasemd Bjarna Þórðarsonar, tryggingastærðfræðings varðandi “dularfullt ferli” stuðulsins eftir 60 ára aldur (fskj. 1). Við leitum skýringa Sigurðar Freys og fylgja þær hér með (fskj. 2). Tekið skal fram að við fólum tryggingastærðfræðingnum að reikna stuðullinn út á grundvelli bestu fánlegu upplýsinga um starfs- og örorkulíkindi. Nánari forsendur að þessu leyti voru ekki gefnar af okkur. Sigurður Freyr gerir grein fyrir forsendum sínum að þessu leyti í bréfi sem er á bls. 62 í frumvarpinu.

12. punktur.

Við erum ósammála þessari athugasemd SÍT. Ástæðan fyrir því að lágmarkslaunaviðmiðun er notuð í frumvarpinu er rökstudd í athugasemdum með því og visast til þess. Nauðsynlegt er að hafa í huga að verið að reikna út framtíðartekjutjón, þ.e. útreikningsgrundvöllurinn byggist á spá eðli máls samkvæmt. Af þeirri ástæðu er nauðsynlegt að ákveða tekjuviðmiðun til framtíðar, þegar tekjur hins slasaða sjálfs fyrir slys eru ekki eðlilegur grundvöllur slíkrar viðmiðunar. Lengst af hafa dómstólar tekið mið af meðallaunum í tilteknum starfsgreinum við slíka útreikninga. Við höfum ekki

heyrt því haldið fram að slíkt kunni að stangast á við stjórnarskrá. Viðmiðun við lágmarkslaun er tjónvaldi hagfelldari en viðmiðun við meðaltekjur. Að okkar mati er ekki ástæða til þess að ætla að lagaregla um lágmarkslaunaviðmiðun við útreikning framtíðartekjutjóns verði talin andstæð stjórnarskrá. Á það skal bent að í 3. mgr. 7. gr. gildandi skaðabótalaga er hliðstæð regla. Það er svo sjálfstætt athugunarefni hver lágmarkslaunaviðmiðunin eigi að vera. Við höfum lagt til að miðað verði við 1.200.000 krónur á ári í stað 1.400.000 sem lagt var til í frumvarpi GJ og GCL árið 1995.

13. punktur.

Hér virðist vísað til 3. mgr. 3. gr. og 2. mgr. 6. gr. frumvarpsins. Um fyrra atriðið er fjallað hér að framan (2. punktur). Síðari atriðið á sér samsvörun í 2. mgr. 7. gr. gildandi laga, þótt orðalagi sé nokkuð breytt.

14. punktur.

Ein grundvallarhugmyndin á bak við frumvarp okkar er að losna við flokkun slasaðs fólks í tvo hópa sem byggt er á í gildandi lögum. Í því skyni er tillagan um sams konar örorkumat fyrir alla slasaða gerð. Með þessu hverfur sá afmörkunarvandi sem fyrir hendi er þegar skipa skal einstaklingi í hóp.

15. punktur.

Grundvöllur örorkumats er í 5. gr. gildandi laga. Engin tillaga er frá okkur um breytingu þess grundvallar. Tekið skal fram að í frumvarpinu er lagt til að allt framtíðartekjutjón verði bætt á grundvelli fjárhagslegs örorkumats en ekki læknisfræðilegs mats eins og nú er í sumum tilvikum.

Að okkar mati er ekki þörf á að skilgreina í lögum þá sérfræðinga sem aðilar geta leitað til um mat á fjárhagslegri örorku. Við teljum eðlilegast að málsaðilar hafi sjálfir valdið til þess að ákveða slíkt. Við valið hlýtur sá sem velur að hafa í huga að gagnaðili muni skjóta álitssgerðinni til örorkunefndar hafi hann efasemdir um ágæti sérfræðingsins eða niðurstöðu álitssgerðarinnar. Þá teljum við ástæðulítinn þann ótta sem lýst er um að örorkumötin verði í auknum mæli læknisfræðileg við þessar aðstæður. Það verður einmitt hlutverk örorkunefndar að tryggja samræmi og skapa fordæmi á þessu sviði.

16. punktur.

Ábending SÍT er rétt. Við höfum þegar gert allsherjarnefnd grein fyrir því að orðið “stórfelldu” féll út úr frumvarpsgreininni, sbr. bréf okkar til nefndarinnar dags. 23.11.98.

17. punktur.


Að okkar mati er mikilvægt að gildistaka laganna verði sem fyrst. Það er að sjálfsögðu ákvörðun Alþingis hvort ástæða sé til þess að veita “hæfilegan aðlögunartíma” eins og það er orðað í athugasemdum SÍT.

18. punktur.


Við samningu frumvarpsins hefur það eitt vakað fyrir okkur að móta sanngjarnar reglur um skaðabætur þar sem jafnt tillit er tekið til hagsmuna tjónvalds og tjónþola.

Við erum reiðubúnir til þess að mæta á fund nefndarinnar og gera nánari grein fyrir sjónarmiðum okkar, ef eftir yrði leitað.

Með vinsæld og virðingu,



Guðmundur Jónsson
fyrrv. hæstaréttardómari



Gestur Jónsson hrl.

BJARNI ÞÓRDARSON
tryggingastærðfræðingur
kt. 050836-4799
MIÐVANGI 7
220 HAFNARFIRÐI

Sími 555 1433

Fax 555 3188

SÍMBRÉF

DAGS: 25.11.99

TIL: Gests Jónssonar, hrl.

SÍÐUFJ.: 1

Ágæti Gestur.

Eftir góðan fund um frv. rak ég augun í dularfúlit ferli margföldunarstuðlana. Það sem ég á við er að eftir 60 ára aldur fara stuðlarnir að hækka um nokkurra ára skeið og lækka síðan aftur. Ekki virðist vera um prentvillu að ræða. Samkvæmt hefðbundnum aðferðum ætti stærðfræðifallið, sem þarna er verið setja fram, ekki að hegða sér með þessum hætti og því vakna óneitanlega í mínum huga spurningar.

Er mögulegt að fá þá grunnstuðla sem samansettir mynda þessa stuðla?

Bestu kveðjur



Gestur Jónsson hrl.
Mörkinni 1
108 Reykjavík

Reykjavík 27. nóvember 1998

Ágæti Gestur

Mér hefur borist fyrirspurn Bjarna Þórðarsonar til þín varðandi margföldunarstuðla í frumvarpi til breytinga á skaðabótalögum sem nú er til meðferðar á Alþingi. Skýringin á þessu er eftirfarandi:

Líkurnar á því að vinnandi maður láti af störfum og að maður utan vinnumarkaðar taki til starfa á ný eru svonefndar skilyrtar líkur, þ.e. í fyrrnefndu líkunum er t.d. eingöngu tekið hlutfall af þeim hóp sem er í starfi. Þessi hópur fer að sjálfsögðu minnkandi með hækkandi aldri. Eins og menn vita gerist það ekki jafnt og þétt að látið sé af störfum, heldur er það stór hluti sem fer á eftirlaun á aldrinum 65-67 ára. Þetta veldur þeirri hegðun á stuðlunum sem um getur í bréfi Bjarna Þórðarsonar. Af þeim hópi sem er starfandi á aldrinum 60-64 ára mun mjög stór hluti láta af störfum á næstu árum. Þeir sem halda áfram störfum fram yfir 65 ára aldur eru líklegir til að vinna a.m.k. þar til þeir verða 70 ára. Þetta er til dæmis skýringin á því að bætur til 66 ára manns verða hærri en bætur til 62 ára. Samkvæmt forsendunum á sá sem er í starfi 66 ára að meðaltali eftir að vinna lengur heldur en sá sem er í starfi 62 ára.

Ástæðan fyrir því að stuðullinn byrjar að lækka við 63 ára aldur er að tölur um atvinnu þátttöku voru gefnar á 5 ára aldursbilum svo að nálga þurfti áðurnefndar líkur á að láta af störfum.

Ég vona að þetta nægi til útskýringar á eðli margföldunarstuðlanna. Að svo stöddu sé ég ekki ástæðu til að útskýra þetta nánar með tölulegum dæmum, en verð við því ef farið verður þess á leit.

Kveðja
Sigurður Freyr Jónatansson
tryggingastærðfræðingur